

## REGLUGERÐ

**um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 200/2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2160/2003 að því er varðar markmið Sambandsins að draga úr algengi sermigerða salmonella í hópum fullorðinna undaneldisfugla af gerðinni Gallus gallus.**

### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2011 frá 2. júlí 2011 öðlast eftirfarandi ESB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 200/2010, um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2160/2003 að því er varðar markmið Sambandsins að draga úr algengi sermigerða salmonella í hópum fullorðinna undaneldisfugla af gerðinni Gallus gallus.

### 2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 200/2010 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 55 frá 7. október 2011, bls. 615.

### 3. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 93/1995 um matvæli.

### 4. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt XI. kafla laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli, 10. gr. laga nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturfurðum og 29. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

### 6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 22. febrúar 2012.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

*Indriði B. Ármannsson.*